

Ytra mat grunnskóla

Heiðarskóli

Reykjanesbæ

nóvember 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjanesbæ

Höfundar: Arna Guðríður S. Sigurðardóttir og Hanna Hjartardóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2310-4

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Heiðarskóla.....	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Faglegt samstarf og samræða	9
1.2 Samvirkni í stefnumótun	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2 Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka	18
Þáttur 3 – Innra mat	20
3.1 Skipulag.....	20
3.2 Framkvæmd.....	20
3.3 Umbætur	20
Þáttur 4 – Notkun upplýsingatækni í skólastarfi	22
4.1 Nám nemenda og notkun þeirra á tækni	22
4.2 Kennsluhættir	22
4.3 Samskipti heimilis og skóla	22
4.4 Stjórnun	23

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Heiðarskóla í Reykjanesbæ sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk sveitarfélags var fjórði þáttur *notkun upplýsingatækni í skólastarfi*.

Helstu styrkleikar í stjórnun

- Skólastjórnendur vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu.
- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla viðmið aðalnámskrár og eru birtar á heimasíðu.
- Starfsmenn líta á starfsmannahópinn sem eina liðsheild.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun innan og utan skóla.
- Stjórnendur hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans.
- Skólinn er leiðandi í notkun upplýsingatækni í skólastarfi í sveitarfélaginu.
- Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg.
- Samskipti við aðila í grenndarsamfélaginu eru virk og skráð.
- Unnið er að sáttmála um snjalltækjanotkun í samstarfi við nemendur.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.

Helstu tækifæri til umbóta í stjórnun

- Birta opinberlega alla námsvísa/árganganámskrár í upphafi skólaárs.
- Gera fundaáætlun fyrir önnina eða árið sem nær til allra starfsmanna.
- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans svo þau verði ljós í vitund fólks.
- Kjósa alla fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti og til tveggja ára í senn.
- Gæta þess að nemendur fái tilskyldan kennslustundafjöldi í valgreinum sbr. aðalnámskrá grunnskóla.
- Hafa reglulega formlega fundi stjórnenda.
- Kjósa lýðræðislega í stjórn nemendaráðs.
- Vinna að því að Frístund fái húsnæði til afnota sérstaklega fyrir starfsemi sína.
- Gera árlega heildaráætlun um hvernig stoðþjónusta er skipulögð og hvernig hún skiptist milli árganga.

Helstu styrkleikar í námi og kennslu

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Námsvísar innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og gerð er grein fyrir tengslum við aðalnámskrá.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sértækar þarfir.
- Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við eftir því sem við á.
- Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn.

- Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum nemanda, m.a. með leiðsagnarmati.
- Sviðslistir eru kenndar á öllum stigum.
- Menningarstundir í öllum árgöngum eru ein af hefðum og sérstöðu skólans.
- Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi og samstarf er við leik-, tónlistar- og framhaldsskóla og einnig við Keili.
- Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda, t.d. í fjölgreindavali í 1.-4. bekk.

Helstu tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Huga að leiðum til bæta námsárangur, sbr. niðurstöður samræmdra könnunarprófa.
- Huga að því að efla leiðbeinandi kennsluhætti.
- Auka samstarf og samvinnu nemenda m.a. til að efla umræður og skoðanaskipti í námi nemenda.
- Huga að því að koma á teymiskennslu á öllum stigum, m.a. til að auka samstarf kennara og nýta markvisst mismunandi hæfileika þeirra.
- Hvetja nemendur allra stiga til að nýta sér námsvísa og vera þar með meðvitaðri um markmið náms.
- Huga að fleiri formlegum leiðum til að sjónarmið nemenda geti haft bein áhrif á skólastarfið.
- Gera grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum.
- Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þar sem það á við.

Helstu styrkleikar í innra mati

- Innra mat er álitnið mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfi.
- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn nýtir í innra mati.
- Reglulega fer fram jafningjamat á kennslu og fagmennsku kennara.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Greinargerð um innra mat liðins árs er á heimasíðu, svo og fyrri ára.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.

Helstu tækifæri til umbóta í innra mati

- Meta reglulega þá þætti sem stefna skólans byggir á, svo sem Uppbyggingastefnu og notkun upplýsingatækni í skólastarfi.
- Skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að í sem flestum þáttum innra mats.
- Skipa innramatsteymi með þátttöku fulltrúa allra hagsmunaaðila.
- Nýta fleiri og fjölbreyttari aðferðir til gagnaöflunar í innra mati, m.a. eiginlegar aðferðir.
- Kynna niðurstöður úr innra mati formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Setja árlega fram sérstaka umbótaáætlun þar sem koma fram þátttakendur, verkefni, leiðir, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvenær og hvernig meta á umbætur.

Helstu styrkleikar í notkun upplýsingatækni í skólastarfi

- Nemendum og foreldrum eru kynnt markmið með notkun upplýsingatækni í námi.
- Upplýsingatækni er eðlilegur þáttur í námi nemenda, einkum á unglingastigi.
- Nemendum er markvisst kennd forritun í 5. og 6. bekk og í valgrein í unglingadeild.
- Með spjaldtölvum er auðveldara að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Stjórnendur eru virkir í innleiðingu spjaldtölva og leggja áherslu á breytta kennsluhætti.

Helstu tækifæri til umbóta í notkun upplýsingatækni í skólastarfi

- Efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsingatækni.
- Gefa nemendum á yngri stigum fleiri tækifæri til að nota upplýsingatækni með fjölgun spjaldtölva.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahtutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum í flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Heiðarskóla

Heiðarskóli er staðsettur í Reykjanesbæ, nánar tiltekið í Keflavík, og nemendur hans koma úr þéttbýlinu þar. Skólinn var stofnaður árið 1999 og einkunnarorð hans eru: *Háttvísi – Hugvit – Heilbrigði*. Í skólanum eru 405 nemendur á haustönn 2018.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	33	52	38	48	39	37	38	39	48	33
Fjöldi bekkjardeilda	2	3	2	2	2	2	2	2	2	1

Fjöldi starfsmanna skiptist þannig; fjórir stjórnendur sem eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórnarar, 35 kennarar (þar af sex leiðbeinendur í 5,65 stöðugildum), annað starfsfólk er 19 talsins og þrjár sérfræðingar (tveir þroskaþjálfar og námsráðgjafi).

Hlutfall nemenda af erlendum uppruna er 13%. Fjöldi nemenda sem stunda nám á öðru skólastigi eru 33. Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eru samtals 52 og nánast allar á unglingastigi.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	4	2	6	8	3	4	4	1	1	1
Einstaklingsnámskrá	0	1	1	6	1	2	1	2	8	1
Sérkennsla og aðlagð námsefni	2	4	8	5	7	4	1	0	10	1

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjórnendur vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu og stuðla að markvissri starfsþróun kennara bæði formlega og óformlega. Þeir sjá til þess að kennarar hafi tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefnum út fyrir skólann svo sem samstarf við Keili um speglaða kennslu og notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

Stjórnendur sjá um að niðurstöður ytra gæðamats, s.s. varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra, séu skráðar og nýttar til framfara.

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum. Í viðtölum kom fram að starfsmenn líta á starfsmannahópinn sem eina liðsheild en sögðu að dags daglega væru þeir: „svolítið skipt eftir stigum en ef eitthvað bjátar á þá standa allir saman“.

Tvo daga í viku er skipulag skólastarfs með þeim hætti að rými er skapað til að boða kennara og starfsfólk á hina ýmsu fundi en fundaaætlun fyrir alla starfsmenn eða tiltekna hópa er ekki til staðar. Stjórnendur hafa innleitt samskiptaforritið Teams með það að markmiði að draga úr fundasetu og koma upplýsingum á framfæri. Haldinn hefur verið rafrænn starfsmannafundur þar sem efnið var kynning skólastjóra á skóladagatali þessa árs og í kjölfarið voru umræður teknar þar inni en almennir starfsmannafundir eru ekki nema u.þ.b. tvisvar á önn.

Stjórnendur senda vikulega rafrænt fréttabréf til allra starfsmanna þar sem fjallað er um hvað er fram undan í skólastarfinu og einnig hvað hefur farið fram.

1.2 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá. Þeir hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans. Skilinn vinnur m.a. eftir Uppbyggingarstefnunni svo og hefur skólinn sett sér markmið um notkun upplýsingatækni í skólastarfi og hefur verið leiðandi á því sviði í sveitarfélaginu. Einkunnarorð skólans eru *háttvísi, hugvit og heilbrigði* og eru þau sýnileg í skólahúsnæðinu en ekki ljós í vitund fólks eftir því sem fram kom á vettvangi.

Einkunnarorð í stefnu sveitarfélagsins eru samvinna, fagmennska, traust og sköpun. Þar er einnig fjallað um jafnrétti, lýðræði og fjölbreytni og m.a. lögð áhersla á traust og virðingu milli kennara, nemenda og foreldra. Stefna og sýn skólans ríma vel við þessar áherslur.

Skólanámskrá uppfyllir viðmið aðalnámskrár og er birt í heild sinni á heimasíðu. Þó var ekki hægt að sjá námsvísa/árganganámskrár allra árganga þegar matið fór fram. Starfsáætlun er hluti skólanámskrár og stefna skólans og annað sem fram kemur í skólanámskrá er endurskoðað árlega af starfsfólki skólans en aðrir hagsmunaaðilar koma þar ekki að nema í gegnum skólaráð.

Á námskynningum að hausti er foreldrum kynntar árganganámskrár og aðrar áherslur vetrarins í námi.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Það er gert með námskynningum, foreldraviðtölum og boðum á ýmsa viðburði. Upplifun foreldra er sú að þeir eigi greiðan aðgang að stjórnendum og öðru starfsfólki. Vikulegur póstur kemur til foreldra frá umsjónarkennurum bæði á yngsta- og miðstigi.

Foreldrar koma að markmiðssetningu hjá nemendum með því að aðstoða nemendur heima áður en komið er í samtál á markmiðssetningardag í október og aftur fyrir matsdag í janúar.

Á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum er lögð áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum. Samskipti við grenndarsamfélag eru markviss, svo sem við leikskólana þar sem er virkt og skráð samstarf milli skólastiga, Fjölbrotaskóla Suðurnesja þar sem nemendur geta tekið framhaldsskóla áfanga og við tónlistarskólann sem er með kennsluáðstöðu í skólanum. Auk þess er haft samráð við stofnanir um starfsnám. Frístundastarf fyrir 1.-4. bekk er í húsnæði skólans eftir að skóladegi lýkur en nánast ekkert nými er sérstaklega hannað fyrir það. Reglulega koma fulltrúar félagsmiðstöðvar og kynna starfsemi sína.

Foreldrakannanir í Skólalúsi eru lagðar fyrir annað hvert ár en ekki er með formlegum hætti leitað eftir hugmyndum foreldra á annan hátt svo sem með skólapingum eða morgunfundum eins og getið var um að gert hefði verið fyrir nokkrum árum.

Stjórnendur funda reglulega með foreldrafélaginu. Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir þess eru á heimasíðu. Fulltrúar allra aðila eru kosnir lýðræðislega af sínu baklandi, nema fulltrúi grenndarsamfélags og formaður og varaformaður nemendafélagsins sem sitja alltaf í skólaráði.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda. Á liðnum árum hefur verið unnið að margvíslegum nýbreytni- og þróunarverkefnum í skólanum sem hægt er að lesa um á heimasíðu. Á yfirstandandi skólaári eru ekki í gangi nein slík verkefni heldur er haldið áfram að þróa það sem innleitt hefur verið. Þar má nefna nýtt námsmat á öllum stigum og leiðsagnarmat sem unnið var að í samstarfi við Njarðvíkurskóla skólaárið 2017-2018.

Stjórnendur skólans taka virkan þátt í innleiðingu umbótaverkefna og stýra þeirri vinnu af þekkingu og skilningi á breytingaferli.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu. Sátt er í skólasamfélaginu um störf skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Verið er að kynna og vinna að breytingum vegna nýrra persónuverndarlaga. Þá mun t.d. verða skilyrt að verktakar og aðrir sem starfa tímabundið í skólanum þurfi að skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu en það hefur ekki verið gert hingað til.

Að mati viðmælenda eru ágreiningsmál, ef upp koma, leyst sem fyrst og farsælega. Ýmsar leiðir eru farnar til að koma tilkynningum á framfæri hvað varðar forföll bæði nemenda og kennara en samt kom fram í viðtölum að upplýsingastreymi dags daglega mætti vera skilvirkara. Skólareglur og viðurlög við þeim voru endurskoðuð fyrir nokkrum árum af starfsmönnum. Reglurnar eru sjáanlegar í öllum kennslurýmum og verið er að vinna að sáttmála um snjalltækjanotkun í samstarfi við nemendur.

Nemendur á unglingastigi hafa fjölbreyttar valgreinar en kennslustundafjöldi í valgreinum nær ekki þeim viðmiðum sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir.

Nemendafélag er starfandi og stjórn þess kosin þannig að um valgrein er að ræða. Nemendur þurfa þó að standast ákveðnar kröfur til þess að geta valið það, því fjöldinn takmarkast við 8-12 og valið í

nemendafélagið með tilliti til námsástundunar og hegðunar í skólanum. Þegar nemendaráðið er fullskipað fer fram lýðræðisleg kosning formanns og varaformanns. Nemendaráð upplýsir aðra nemendur um störf sín en nemendur sem sitja í skólaráði hafa ekki vettvang til að koma upplýsingum beint til annarra nemenda.

Annar deildarstjórinn heldur utan um og sér um skipulag stoðþjónustu sem er í stöðugri endurskoðun en ekki er gerð árlega heildaráætlun um hvernig stoðþjónustan skiptist milli sérkennslu, stuðnings, starfa þroskaþjálfara o.s.frv. og hvernig hún skiptist milli árganga.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum og sú verkaskipting er skráð í starfsáætlun og því öllum ljós. Stjórnendur miðla upplýsingum á milli sín en formlegir, reglulegir fundir eru ekki fyrir hendi.

Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári og stjórnendur leitast við að hrósa þegar við á. Stjórnendur fylgjast með störfum starfsmanna en fara ekki reglulega í kennslustundir og veita endurgjöf. Þeir hvetja hins vegar kennara til að vera með formlegt jafningjamat og það er árlegt.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogaþæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Stjórnendur dreifa ábyrgð, mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.

Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Ekki er tilgreint í skólanámskrá að starfandi séu teymi innan skólans nema læsisteymi og eineltisteymi en ábyrgðaraðilar einstakra verkefna eru nefndir þar svo sem vegna innra mats og öryggistrúnaðarmenn.

Stjórnendur huga að heilsu starfsmanna, m.a. með því að setja upp aðstöðu til líkamsræktar og jógaíðkunar og alla daga eru ávextir í boði. Þá tekur skólinn þátt í hinum ýmsu verkefnum á þessu sviði svo sem Lífshlaupinu og Göngum í skólann.

Styrkleikar


- Skólastjórnendur vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu.
- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla viðmið aðalnámskrár og eru birtar á heimasíðu.
- Starfsmenn líta á starfsmannahópinn sem eina liðsheild.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun innan og utan skóla.
- Stjórnendur hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans.
- Skólinn er leiðandi í notkun upplýsingatækni í skólastarfi í sveitarfélaginu.
- Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg.
- Foreldrum finnst þeir eiga greiðan aðgang að stjórnendum og öðru starfsfólki.
- Samskipti við aðila í grenndarsamfélaginu eru virk og skráð.
- Stjórnendur skólans taka virkan þátt í innleiðingu umbótaverkefna.
- Unnið er að sáttmála um snjalltækjanotkun í samstarfi við nemendur.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Kennarar sinna formlegu jafningjamati.

- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.

Tækifæri til umbóta

- Birta opinberlega alla námsvísa/árganganámskrár í upphafi skólaárs.
- Gera fundaáætlun fyrir önnina eða árið sem nær til allra starfsmanna.
- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans svo þau verði ljós í vitund fólks.
- Kjósa alla fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti og til tveggja ára í senn.
- Gæta þess að nemendur fái tilskyldan kennslustundafjölda í valgreinum sbr. aðalnámskrá grunnskóla
- Huga að því að hafa fjölbreyttari leiðir til að leita eftir sýn og hugmyndum foreldra til eflingar skólastarfsins.
- Huga að því að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólareglna.
- Gæta þess að nemendur sem sitja í skólaráði komi upplýsingum um sín störf þar til annarra nemenda.
- Hafa reglulega formlega fundi stjórnenda.
- Huga að því að skólastjórnendur fari reglulega í kennslustundir og veiti kennurum endurgjöf.
- Kjósa lýðræðislega í stjórn nemendaráðs.
- Vinna að því að Frístund fái húsnæði til afnota sérstaklega fyrir starfsemi sína.
- Gera árlega heildaráætlun um hvernig stoðþjónusta er skipulögð og hvernig hún skiptist milli árganga.

Þáttur 2 – Nám og kennsla



2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda eins og hún birtist í lögum, aðalnámskrár og reglugerðum endurspeglast í skipulagi og störfum skólans. Skólanámskrá er á heimasíðu skólans og skiptist í þrjá hluta; almennan hluta, starfsáætlun og árganganámskrár. Reynt er að koma til móts við mismunandandi hæfileika og þarfir nemenda svo sem með fjölgreindarvali á yngsta stigi og notkun upplýsingatækni fyrir lesblinda og einhverfa nemendur. Námsvísar innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfellu í námi nemenda, þeir eru kynntir nemendum og foreldrum á námskynningum í byrjun skólaárs.

Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjarins. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá nemendur sem þess þurfa og er samþykkt af foreldrum. Stuðningur er fjölbreyttur en áherslan liggur á stuðningi í íslensku og stærðfræði. Í viðtölum kom fram að kennarar kalla eftir meiri festu varðandi stuðning einstakra nemenda, ekki síst á unglingsstigi.


2.2 Árangur náms

Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við eftir þörfum með það að markmiði að efla árangur nemenda.

Samræmd könnunarpróf


Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

4. bekkur




Árangur 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku hefur verið að dala frá árinu 2014 þegar hann var vel fyrir ofan landsmeðaltal. Árið 2016 batnaði árangurinn og var við meðaltal en við síðustu mælingu 2018 mældist hann nokkuð undir meðaltali. Árangur í stærðfræði hefur einnig dalað frá árinu 2013 en hefur þó verið yfir eða við landsmeðaltal en dalaði við síðustu mælingu 2018 og fór nokkuð undir landsmeðaltal.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku hefur verið nokkuð rokkandi í mælingum síðustu 5 ára. Árangurinn mældist yfir landsmeðaltali 2015 en mældist nokkuð undir 2016 en svo við meðaltal 2017. Við síðustu mælingu 2018 mældist árangurinn undir meðaltali. Árangur í stærðfræði hefur verið um eða yfir landsmeðaltal nema 2016 þegar árangurinn mældist nokkuð undir meðaltali og dalaði aftur við síðustu mælingu og mældist nokkuð undir meðaltali.

9. bekkur




Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var undir landsmeðaltali í öllum metnum fögum. Árangurinn var slakastur í íslensku.

10. bekkur




Árangur í 10. bekk hefur verið að dala og var við síðustu mælingu 2017 nokkuð undir landsmeðaltali í öllum metnum fögum. Árangur í íslensku og stærðfræði hefur dalað umtalsvert frá árinu 2013 og var þó nokkuð undir meðaltali við síðustu mælingu 2017. Árangur í ensku var um landsmeðaltal árin 2013-2014 en hefur síðan dalað og mældist nokkuð undir meðaltali við síðustu mælingu 2017.



Þegar árangur árganga í íslensku er fylgt eftir sést að það er tilhneiging árganganna að dala á milli mælinga. Við mælingu í 4. bekk eru flestir árgangar yfir landsmeðaltali en fara svo undir meðaltal. Þegar árangur árganga í stærðfræði er skoðaður þá er sama tilhneiging þar hjá árgöngunum að mælast yfir landsmeðaltali í 4. bekk og í flestum árgöngum er hann vel yfir meðaltalinu en árangurinn dalar svo milli ára og fer undir meðaltal.

Lesferill

Fyrirlögn sept. 2018, Heiðarskóli - Reykjanesbæ




Vinstri myndin sýnir leshraða árganga skólans og fremst eru viðmið Menntamálastofnunnar. Þegar hægra myndin er skoðuð sést að meðaltal lesinna orða nemenda hefur oftast verið yfir landsmeðaltali og á efsta stigi er árangurinn nokkuð yfir meðaltali.

Í sjálfsmatskýrslu skólans kemur fram að unnið er með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum. Á Mentor geta foreldrar fylgst með hæfni nemenda í öllum fögum.

2.3 Gæði kennslu

Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn og störf þeirra endurspeglar markmið skólans um kennsluhætti. Almennu eru kennslustundir vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur, þó var aðeins undantekning þar á þegar nemendur komu úr íþróttum/sundi og ekki voru frímínútur á milli þeirra kennslustunda og bóklegra tíma.

Fræðandi kennslustundir (bein kennsla) voru í um 65% kennslustunda á vettvangi og leiðbeinandi eða lausnamiðaðar í um 15% kennslustunda, eins og sjá má á töflunni hér að neðan.



Í námsvísunum eru markmið kennslu og verkefna skráð og gerð grein fyrir tengslum við aðalnámskrá. Á vettvangi var nemendum almennt ekki gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með

sérstakar þarfir. Umsjónarkennari ber ábyrgð á þeim og vinnur þær með sérkennara. Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings einstakra nemenda er háttað. Reynt er að koma á móts við bráðgera nemendur, m.a. með því að nemendur á unglíngastigi hafa tækifæri til að taka áfanga í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.


Kennsluáætlanir eru á Mentor og því aðgengilegar nemendum og foreldrum. Þar er ekki gerð grein fyrir námsaðlögun í hverri námsgrein.

2.4 Skipulag náms

Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan árganga á öllum stigum. Þó kom fram í viðtölum að á unglíngastigi eru einyrkjar í einstaka námsgrein og sama gildir um verklegar greinar.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum, einkum á yngri stigum og í viðtölum voru dæmi tekin um samþættingu íslensku og samfélagsfræði og upplýsingatækni er samþætt nánast öllum fögum á unglíngastigi. Sviðslistir eru skipulega kenndar á öllum stigum og það sást á vettvangi í undirbúningi menningarstunda sem allir árgangar taka þátt í. Menningarstundir eru eitt af sérstöðu skólans til að þjálfa nemendur í sviðslistum. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum, m.a. til forritunar, og nýta námsumhverfið á fjölbreyttan hátt. Verknámsstofur eru rúmgóðar og vel búnar og styðja við sköpunarþörf nemenda.

Á vettvangi var einstaklingsvinna í tæplega 60% kennslustunda enda fylgir það oft því sem kemur fram sem fræðandi kennsla (sjá fyrri töflu) en samvinna var skipulögð í 12% kennslustunda. Af því má ætla að umræður og skoðanaskipti séu ekki stór þáttur í náminu.



Umsjónarkennarar fylgjast með líðan allra nemenda en ekki eru regluleg nemendasamtöl við hvern og einn nemenda þar sem rætt er um nám og líðan.

Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis, einkum á unglíngastigi þar sem allir nemendur hafa spjaldtölvur til eigin nota. Á vettvangi nýttu nemendur upplýsingatækni í rúmlega 30% kennslustunda og kennarar í 50% kennslustunda.

Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi, má þar nefna samstarf við leik-, tónlistar-, og framhaldsskóla og einnig við Keili. Þá gefst nemendum kostur á að vera í starfsnámi hjá hinum ýmsu stofnunum bæjarfélagsins.

2.5 Námsvitund

Almennt sýna nemendur náminu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Í viðtölum kom fram að nemendum er kennt að setja sér markmið og nemendur ræddu um markmiðssetningu í frammistöðumati fyrir foreldravíðtöl. Að öðru leyti sögðu þeir: „*markmiðið er oftast að klára ákveðnar blaðsíður*“. Foreldrar eru með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið í einstaklingsnámskrá en nemendur hafa þar ekki beina aðkomu.

Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda. Það kom m.a. fram í fjölgreindavali í 1.-4. bekk þar sem ýtt er undir sköpun, t.d. að forrita, semja lög í spjaldtölvu, búa til sögur og dansa. Á æfingum fyrir menningarstundir allra árganga komu einnig margskonar hæfileikar nemenda í ljós.

Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér fjölbreyttar leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi, nefndu þeir þar sérstaklega að gera stuttmyndir og glærुकyningar. Komið er til móts við mismunandi námsstíl nemenda, m.a. með uppröðun í stofum og ekki síst var það sjáanlegt á vettvangi í kennslurýmum 3. og 10. árgangs.

Nemendur nefndu dæmi um að þeir meti eigið nám og þjálfist einnig í jafningjamati.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum, m.a. með könnunum í Skólapúlsi og tengslakönnunum innan árganga. Í könnun Skólapúlsins kom fram minni áhugi nemenda í Heiðarskóla á náttúrufræði og stærðfræði en landsmeðaltal er og að sögn stjórnenda verður reynt að efla þá þætti í samstarfi við nemendur.

Að öðru leyti er ekki skráð opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað og þeir virkjaðir til að hafa áhrif á skipulag náms og skólastarfs.

Nemendur í stjórn nemendafélags eru virkir í að upplýsa aðra nemendur um málefni er þá varða og snúa þau mál einkum að félagslífi. Nemendur í skólaráði eru virkir og fullgildir en koma upplýsingum ekki beint til nemenda. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Námsvísar innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og gerð er grein fyrir tengslum við aðalnámskrá.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sértækar þarfir.
- Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við eftir því sem við á.
- Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn.
- Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum nemanda, m.a. með leiðsagnarmati.
- Ýmis dæmi eru um samþættingu námsgreina svo sem íslensku og samfélagsfræði og notkun upplýsingatækni í nær öllum námsgreinum.
- Sviðslistir eru kenndar á öllum stigum.
- Menningarstundir í öllum árgöngum eru ein af hefðum og sérstöðu skólans.
- Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi og samstarf er við leik-, tónlistar- og framhaldsskóla og einnig við Keili.

- Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda, t.d. í fjölgreindavali í 1.-4. bekk.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Huga að leiðum til bæta námsárangur, sbr. niðurstöður samræmdra könnunarprófa.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Huga að því að efla leiðbeinandi kennsluhætti.
- Auka samstarf og samvinnu nemenda m.a. til að efla umræður og skoðanaskipti í námi nemenda.
- Huga að því að koma á teymiskennslu á öllum stigum, m.a. til að auka samstarf kennara og nýta markvisst mismunandi hæfileika þeirra.
- Hafa regluleg nemendasamtöl við hvern og einn nemenda þar sem rætt er um nám og líðan.
- Hvetja nemendur allra stiga til að nýta sér námsvísa og vera þar með meðvitaðri um markmið náms.
- Huga að fleiri formlegum leiðum til að sjónarmið nemenda geti haft bein áhrif á skólastarfið.
- Finna vettvang til að nemendur í skólaráði geti komið upplýsingum um störf sín þar til annarra nemenda.
- Gera grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum.
- Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þar sem það á við.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt. Í starfsáætlun er áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með jafningjamati. Það er framkvæmt þannig að kennarar fara í gagnkvæmar heimsóknir í kennslustundir og meta það sem fram fer. Í innra mats áætlun snúa flest viðfangsefnið að læsi og einnig líðan nemenda eins og hún birtist í könnunum í Skólapúlsi. Í öllu sem snýr að læsi eru skilgreind viðmið en ekki í öðrum matsþáttum.

Mat á stefnu skólans að öðru leyti kemur ekki fram, t.d. mat á Uppbyggingarstefnu og notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda en ekki er teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til staðar þar sem þeir geta haft áhrif á framkvæmd mats og hvaða leiðir á að fara.

Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skólans, svo sem samræmd könnunarpróf, Lesferill og Logos greiningar, eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þannig eru kannanir í Skólapúlsi nýttar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðuggreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. Innra mat byggir þó að mestu leyti á megindlegum gögnum en fram kom í máli viðmælenda að eigindlegar aðferðir svo sem skólaþing og formlegir morgunfundir með foreldrum hafi verið fyrir nokkrum árum.

3.3 Umbætur

Greinargerð sem lýsir framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í greinargerð liðins árs um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar starfsmönnum og skólaráði en ekki formlega kynntar hagsmunaaðilum á annan hátt. Sömu aðilar ræða um þróun og umbætur. Í starfsáætlun er rætt um umbætur á yfirstandandi ári. Þar er þó ekki umbótaáætlun sem slík þar sem fram koma verkefni, leiðir, tímasetningar, viðmið, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig meta á umbætur.

Að mati viðmælenda er brugðist við og leitað lausna ef umbóta er þörf þó viðfangsefnið hafi ekki beint komið fram í innra mati. Að mati viðmælenda er umbótum kerfisbundið fylgt eftir og ýmis dæmi tekin

um umbætur sem rekja má til innra mats, svo sem hópefli vegna þess að líðan nemenda kom ekki nógu vel út, skipulag á matartímum og flokkun.

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfi.
- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn nýtir í innra mati.
- Reglulega fer fram jafningjamat á kennslu og fagmennsku kennara.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmd könnunarpróf og Lesferil í sitt innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Greinargerð um innra mat liðins árs er á heimasíðu, svo og fyrri ára.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.

Tækifæri til umbóta

- Meta reglulega þá þætti sem stefna skólans byggir á, svo sem Uppbyggingastefnu og notkun upplýsingatækni í skólastarfi.
- Skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að í sem flestum þáttum innra mats.
- Skipa innramatsteymi með þátttöku fulltrúa allra hagsmunaaðila.
- Nýta fleiri og fjölbreyttari aðferðir til gagnaöflunar í innra mati, m.a. eigindlegar aðferðir.
- Kynna niðurstöður úr innra mati formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Setja árlega fram umbótaáætlun þar sem koma fram þátttakendur, verkefni, leiðir, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvenær og hvernig meta á umbætur.

Þáttur 4 – Notkun upplýsingatækni í skólastarfi

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Fjórði þáttur er val sveitarfélags og/eða skóla og er ekki tekinn með í prófilmynd skólans.

4.1 Nám nemenda og notkun þeirra á tækni

Allir nemendur á unglíngastigi hafa spjaldtölvu til einkanota. Þegar nemendur í 8. bekk fá afhenta spjaldtölvu eru þeim kynnt markmið og tilgangur með notkun þeirra. Nemendur nýta rafrænt námsefni á ýmsu formi til náms, einkum í unglíngadeild. Þar sýna nemendur sjálfstæð vinnubrögð undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og er upplýsingatæknin eðlilegur þáttur í námi. Nám er ekki bundið við skólastofuna og nemendur fá tækifæri til að læra þar sem þeim hentar best hverju sinni.

Í viðtali við nemendur kom fram að þeir telja meiri fjölbreytni í námi með tilkomu spjaldtölva og þær auðvelda þeim skipulag, þ.e. að halda utan um nám sitt.

Yngri nemendur hafa til umráða tvö bekkjarsett af spjaldtölvum auk aðgangs að borðtölvum í tölvustofu. Á vettvangi voru 6. bekkingar að læra forritun og það er einnig í boði fyrir 5. bekk, auk þess nýttu miðstignemendur upplýsingatækni í tungumálanámi og myndlist. Í fjölgreindarvali í 1.-4. bekk nýta nemendur upplýsingatækni á einstaka stöðvum, t.d. við forritun. Ein af valgreinum á unglíngastigi er forritun.

Nemendur nýta samfélagsmiðla með ábyrgum hætti og fá fræðslu um netöryggi. Verið er að vinna að sáttmála um notkun snjalltækja í skólanum í samvinnu við nemendur.

4.2 Kennsluhættir

Kennslustundir eru skipulagðar þannig að tæknin er eðlilegur hluti námsins og kennarinn nýtir spjaldtölvuna til utanumhalds og skipulags kennslu, t.d. speglaðrar kennslu (e. flipped classroom). Spjaldtölvun er notuð í sérkennslu frekar en að nemendur séu teknir út úr nemendahópi en á vettvangi var ekki hægt að sjá að hugað væri sérstaklega að mismunandi námsaðlögun að öðru leyti. Í viðtölum kom fram að í spjaldtölvunni geta nemendur stækkað letur, breytt um lit og hlustað á námsefni og þannig er hægt að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Verkefni efla tæknikunnáttu nemenda og færni þeirra til að beita tækni til að leysa verkefni. Sett eru fyrir heimaverkefni á unglíngastigi sem krefjast notkunar upplýsingatækni.

4.3 Samskipti heimilis og skóla

Á námskynningu að hausti fá foreldrar nemenda í 8. bekk upplýsingar um markmið og framkvæmd upplýsingatækni í skólastarfi og hvernig hún nýtist í hinum ýmsu námsgreinum. „Í skólabyrjun skrifuðum við undir ítarlegt blað og markmiðin kynnt þar“, sögðu foreldrar sem eiga nemendur í 8. bekk í viðtali. Í nóvember var einnig fræðslufundur fyrir foreldra 8. bekkinga þar sem kennarar kynntu notkun spjaldtölva í náminu þar kom fram á hvaða hátt kennarar og nemendur geta deilt verkefnum sín á milli. Þar voru foreldrar einnig upplýstir um hvernig þeir geta leitað aðstoðar við notkun spjaldtölvunnar heima og talglærur voru sendar á foreldrahópinn eftir kynninguna til að tryggja að allir hefðu tækifæri til þess að hlusta á kynninguna.

4.4 Stjórnun

Skólastjóri og aðrir stjórnendur eru virkir í notkun upplýsingatækni í skólalastarfinu, hafa tengt hana stefnu skólans og gera skýrar kröfur til starfsfólks um að henni sé framfylgt.

Stjórnendur leggja áherslu á breytta kennsluhætti með því að nota tæknina og gefa svigrúm til endurmenntunar. Árlega fer fulltrúi frá skólanum á svokallaða UTís ráðstefnu (árleg ráðstefna á Sauðárkróki um notkun upplýsingatækni í skólalastarfi). Þá hafa starfsmenn skólans farið reglulega á Bett sýningu í London þar sem skólafólk víðs vegar að úr heiminum kemur saman og kynnir sér helstu nýjungar í notkun upplýsingatækni. Starfsmenn hafa einnig tekið þátt í menntabúðum með öðrum skólum í Reykjanesbæ. Það er grasrótahreyfing kennara og stjórnenda í grunnskólum á Suðurnesjum sem stendur fyrir þeim og hópurinn kallar sig Suðmennt. Einnig er skólinn í samstarfi við Keili um forritunarverkefni.

Tæknin virkar ekki alltaf án hnökra en starfsmenn fá fljótt aðstoð því tölvuumsjónarmaður er í 50% starfi. Auk þess er sérstakur aðili innan skólans í fullu starfi sem hefur það hlutverk að styðja kennara í notkun upplýsingatækni í skólalastarfi.

Styrkleikar

- Nemendum og foreldrum eru kynnt markmið með notkun upplýsingatækni í námi.
- Upplýsingatækni er eðlilegur þáttur í námi nemenda, einkum á unglíngastigi.
- Nemendum er markvisst kennd forritun í 5. og 6. bekk og í valgrein á unglíngastigi
- Sáttmáli um notkun snjalltækja í skólanum er unninn í samvinnu við nemendur.
- Með spjaldtölvum er auðveldara að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Stjórnendur eru virkir í innleiðingu spjaldtölva og leggja áherslu á breytta kennsluhætti.

Tækifæri til umbóta

- Efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsingatækni.
- Gefa nemendum á yngri stigum fleiri tækifæri til að nota upplýsingatækni með fjölgun spjaldtölva.